Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur
7. október 2010
40. tbl. · 27. árg.

Skóli í fjörutíu ár

„Saga skólans og saga samfélagsins hangir mikið saman. Og skólinn er vissulega stór og mikilvægur þáttur í samfélaginu," segir Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari Menntaskólans sem nú fagnar 40 ára afmæli. Í miðopnu ræðir hann stofnun skólans, þær breytingar og framfarir sem hafa orðið á skólastarfinu og framtíðarsýnina.



Slökkviliðið ekki í stakk búið til að takast á við stærri áhættu

Ólafur Þ. Benediktsson, slökkviliðsstjóri í Bolungarvík segir slökkviliðið á staðnum ekki hafa getu til að mæta þeirri áhættu sem tilkoma Bolungarvíkurganga hefur í för með sér. „Nú þegar langþráðu markmiði okkar íbúa Bolungarvíkur er náð með opnun jarðaganga milli Bolungarvíkur og Hnífsdals, þá er slökkvilið Bolungarvíkur ekki í stakk búið til að takast á við þá stóru áhættu sem bætist við með tilkomu ganganna," segir í bréfi slökkviliðsstjóra í bréfi til bæjaryfirvalda. Þar segist slökkviliðsstjóri ekki geta samþykkt að Bolungarvíkurgöng verði tekin í notkun, nema tryggt verði að veginum um Óshlíð verði haldið opnum, þar til úrbætur hafa verið gerðar. Í bréfinu segist slökkviliðsstjóri hafa ásamt byggingafulltrúa átt í viðræðum við Vegagerðina og er málið í vinnslu.

Ólafur segir slökkviliðið þurfa búnað til þess að geta tekist á við áhættuna. „Það er í lögum og reglugerðum að eiganda mannvirkja í vegagerð, þar með talið jarðganga, beri að útvega þeim aðilum sem sjá um öryggisþætti ganganna þann búnað sem þörf er á. Það er ýmislegt sem okkur vantar til að ráða við þá nýju áhættu sem bætist við með göngunum," segir Ólafur. Nefnir hann sem dæmi reykköfunarbúnað auk þess sem vatnsbíll liðsins sé ónýtur.

„Bolungarvíkurkaupstaður hefur lagt metnað sinn í að byggja upp slökkvilið á síðasta einum og hálfa áratug bæði hvað varðar búnað, tæki og mannafla til að ráða að mestu við þær áhættur sem í bæjarfélaginu eru. En þennan nýja áhættuþátt er bætist við með tilkomu ganganna erum við ekki í stakk búnir til að ráða við, nema með auknum búnaði, fjölgun reykkafara, menntun þeirra og fleiri atriða."

– thelma@bb.is

Staðan verri í Vestfjarðagöngum

Þorbjörn Sveinsson.

„Staðan er svipuð hjá okkur nema við erum betur settir með reykköfunarbúnað," segir Þorbjörn Sveinsson, slökkviliðsstjóri í Ísafjarðarbæ, í kjölfar fréttar um að slökkviliðið í Bolungarvík sé ekki nógu vel búið til að ráða við þá áhættu sem tilkoma Bolungarvíkurganga hefur í för með sér. „Það þarf að endurnýja ýmislegt og eftir því sem áhætturnar stækka, þurfa slökkviliðin meira fjármagn til að endurnýja og bæta við búnaðinn," segir Þorbjörn. Nefnir hann sem dæmi að þörf sé á nýjum tankbíl og loftbanka. Þorbjörn segist þó hafa meiri áhyggjur af Vestfjarðagöngum þar sem aðbúnaðurinn er mikið verri.

„Til að mynda eru engir tankbílar hinu megin ganganna nema á Þingeyri sem er 40 km í burtu." Aðspurður segir hann þörf hafa verið á úrbótum frá því að göngin voru tekin í notkun. „Við höfum prjónað við þetta eftir bestu getu. Við komum t.d. tetrakerfi þangað inn í samstarfi við Neyðarlínuna og lögregluna. Sambandið er nú orðið sæmilegt þó það sé ekki gott." Slökkviliðið hefur ekki fengið fjárhagsaðstoð til að ráðast í þær úrbætur sem þörf er á. Nú er það hins vegar að endurnýja fjarskiptabúnað með styrk frá Vegagerðinni.

Þorbjörn segir að á næstu vikum sé fyrirhugað að slökkviliðin á Ísafirði og í Bolungarvík haldi sameiginlega æfingu í Bolungarvíkurgöngum ásamt lögreglu og björgunarsveitarmönnum. „Við höfum farið í kynnisferð og æft okkur á stjórnbúnaði í göngunum en þar sem göngin eru nýkomin í gagnið höfum við ekki haft tækifæri til að halda æfingu. Það verður gert fljótlega."

– thelma@bb.is

Fjárhagslegri endurskipulagningu lokið

Samningur um fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Bolungarvíkur við Seðlabanka Íslands og aðra kröfuhafa hefur verið undirritaður og öll skilyrði hans uppfyllt. Fjárhagslegri endurskipulagningu er lokið með því að samningur milli Sparisjóðs Bolungarvíkur og Seðlabanka Íslands var undirritaður 22. september s.l. og staðfestingu FME um að öll skilyrði samningsins væru uppfyllt að hálfu Sparisjóðs Bolungarvíkur.

Sparisjóður Bolungavíkur varð fyrir miklu tjóni í bankahruninu en strax var hafist handa við fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins. Efnahagur og rekstur var endurskipulagður og stofnfé aukið um 639 milljónir króna að nafnvirði. Lögðust allir á eitt með að koma stofnuninni aftur á réttan kjöl og hefur það nú tekist og uppfyllir sparisjóðurinn nú öll lagaskilyrði fjármálastofnana.

Við undirritun samningsins eignaðist Seðlabanki Íslands og Byggðastofnun 91,4% af stofnfé Sparisjóðs Bolungarvíkur og verður sá hlutur framseldur til Bankasýslu ríkisins. Aðalfundur Sparisjóðs Bolungarvíkur fyrir árið 2009 verður haldinn í nóvember 2010 og er eiginfjárstaða sparisjóðsins sterk að aflokinni fjárhagslegri endurskipulagningu. Þjónustustaðir sparisjóðsins eru í Bolungarvík og á Suðureyri.

1970 - 2010 TOYOTA Á ÍSLANDI

TOYOTA

Að smyrja eða ekki smyrja.
Það er smurningin.

ÍSLENSKA SÍA.IS/TOY 53813 10/09

Sértilboð á smurþjónustu í október

Það er sértilboð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota í október.

Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

Bílatangi Ísafirði
Suðurgata 9
400 Ísafjörður
sími: 456-4580

www.toyota.is

Today
Tomorrow
Toyota

Fyrrum skólameistarar voru viðstaddir afmælishátíðin; Björn Teitsson, Bryndís Schram, Jón Baldvin Hannibalsson, Jón Reynir Sigurvinsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Smári Haraldsson.

Afmæli MÍ fagnað

Á fjórða hundrað sóttu afmælishátíð Menntaskólans á Ísafirði á laugardag. Þetta tókst afar vel, eiginlega fram úr öllum vonum. Ég er afskaplega glaður með hvernig til tókst. Afmælið var vel heppnað í alla staði," segir Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari. Ýmsir aðilar fluttu ávarp við þetta tilefni má þar nefna Jón Baldvin Hannibalsson, fyrsta skólameistara MÍ og Einar Hreinsson úr fyrsta útskriftarárganginum. Kór Menntaskólans og fyrrum nemendur skólans, Halldór Smárason og Halldór Sveinsson, sáu um tónlistarflutning. Að dagskrá lokinni var boðið upp á kræsingar og síðan gafst gestum færi á að skoða húsakynni skólans en settar höfðu verið upp myndir úr starfi hans í skólastofum.

Skólanum bárust góðar gjafir í tilefni afmælisins. Hæst bar á afmælishátíðinni útgáfa á sögu skólans sem var formlega afhent við þetta tilefni. Þrír brautryðjendur við skólann voru heiðraðir fyrir framlag sitt og fengu afhenta bók, þeir eru Jón Páll Halldórsson, Gunnlaugur Jónasson og Gunnar Jónsson. Að sögn Jóns Reynis hefur bókin fengið góðar viðtökur. „Fólk er að panta hér í gríð og erg og einnig var seld á sérstöku tilboðsverði á afmælishátíðinni. Ég vona að fólk verði duglegt að panta þessa veglegu bók þar sem skólinn þarf á því halda til að standa undir kostnaði."

Skólinn var ekki sá eini sem fagnaði afmæli þennan dag. „Við Jón Páll uppgötvuðum þá skemmtilegu tilviljun að við eigum sama afmælisdag og deilum honum með skólanum. Okkur fannst það skondið að einn af frumkvöðlunum við að koma skólanum á koppinn og núverandi skólameistari ættu sama afmælisdag og skólinn. Svo eigum við hjónin brúðkaupsafmæli svo þetta var margfalt tilefni til fagnaðar." Að þessu tilefni söng kórinn afmælissönginn. Allir skólameistarar skólans utan einn var viðstaddur hátíðina. „Það var mjög gaman að svona margir gátu komið og verið með okkur, sérstaklega þau hjónin Bryndís Schram og Jón Baldvin Hannibalsson."

Sendir voru út 1550 boðsmiðar en Jón Reynir segist engu að síður vera ánægður með mætinguna. „Við sendum út boðskort til allra þeirra nemenda sem hafa útskrifast frá skólanum og fyrrverandi starfsmanna. Gamlir nemendur þjófstörtuðu svolítið og héldu afmælishátíð í vor og því bjóst ég ekki við að þeir myndu fjölmenna hingað nú. Þetta er langt að fara og skiljanlegt að ekki fleiri hafi getað lagt land undir fót en það voru þó nokkrir sem gerðu það þó. Tengsl nemenda milli hvers annars og skólann hafa í gegnum tíðina verið góð, sem er hið besta mál því það styrkir skólann að þessi sambönd haldi."

– thelma@bb.is

Saga skólans var formlega afhent á afmælishátíðinni.

Brautryðjendur við skólann fengu sögu skólans sem þakklætisvott. Frá vinstri: Birna Lárusdóttir, formaður skólanefndar, Jón Páll Halldórsson, Gunnar Jónsson og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem tók við viðurkenningunni fyrir hönd föður síns, Gunnlaugs Jónassonar og Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari.

Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra flutti ávarp á afmælishátíðinni.

DRAUMADAGAR í hjarta borgarinnar

Gisting í tveggja manna herbergi með morgunverði
á CenterHotel Arnarhvoli, frír aðgangur að spa-heilsulind
og glæsilegur veislukvöldverður á Panorama Restaurant.

AÐEINS 8.000 kr. á mann!

Hægt er að velja annað af matseðli en Panoramaveislu gegn aukagjaldi.
Aukanótt kostar 9.200 kr. fyrir tvo með morgunverði.

GJAFABRÉF sem gleður

Pantanir og nánari upplýsingar á centerhotels.is, reservations@centerhotels.is
og í síma 595 8582. Tilboðið gildir til 30. apríl 2011. Ógleymanleg upplifun
fyrir pör jafnt sem stærri og smærri hópa.

Leikhústilboð

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Afsláttur á sýningar Þjóðleikhússins fyrir gesti Draumadaga
Miðaverð 3.000 kr. (fullt verð 3.750)
Miðapantanir í síma 551 1200

HOTEL ARNARHVOLL
centerhotels.is

panorama
restaurant
panoramaice.is

Hótel Arnarhvoll / Panorama Restaurant / Ingólfsstræti 1 / 101 Reykjavík

Hvunndagshetju veitt bleika slaufan

Geirþrúði Charlesdóttur á Ísafirði var á föstudag afhent fyrsta bleika slaufan á norðanverðum Vestfjörðum og þar með hófst formlega árvekni- og fjáröflunarátak Krabbameinsfélags Íslands og aðildarfélaga þess. Eins og alþjóð veit er Bleika slaufan er tákn Krabbameinsfélagsins í baráttunni gegn krabbameini hjá konum, einkum þó brjóstakrabbameini sem er algengast þeirra. Þetta hefur verið gert í áratug og hefur bleiki liturinn verið notaður til að leggja áherslu á málefnið. Í ár hefur verið ákveðið að veita hvunndagshetjum sem horfst hafa í augu við sjúkdóminn þann heiður að fá afhentar með viðhöfn eintak af slaufunni.

Hjá Krabbameinsfélaginu Sigurvon á norðanverðum Vestfjörðum var Geirþrúður fyrir valinu. Hún fékk brjóstakrabbamein 34 ára að aldri og eftir baráttu og sigur gegn sjúkdóminum hefur hún verið ötull stuðningsmaður í stríðinu gegn krabbameini. Ekki síst í gegnum Samhjálp kvenna sem eru samtök kvenna sem greinst hafa með krabbamein í brjóstum en þar hefur Geirþrúður verið meðal forystumanna í áraraðir.

„Um 15 þúsund konur koma í Leitarstöð Krabbameinsfélagsins við Skógarhlíð á hverju ári og um fimm þúsund konur mæta í krabbameinsleit á vegum félagsins um allt land. Þetta veitir okkur tækifæri til að kynna konum ýmsar leiðir til að hafa áhrif á heilsuna, og það ætlum við að nýta okkur enn frekar," segir Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands.

Ólafía Aradóttir, Geirþrúður Charlesdóttir, Auður Ólafsdóttir og Helena Hrund Jónsdóttir við afhendingu bleiku slaufunnar.

„Styðjið baráttuna gegn krabbameinum og hafið slaufuna ykkar sýnilega í októbermánuði," segir á vef Krabbameinsfélagsins. Slaufan kostar 1.500 krónur og er hönnuð af Ragnheiði I. Margeirsdóttur vöruhönnuði sem vann samkeppni Bleiku slaufunnar í ár. Innblástur er sóttur í þjóðleg klæði formæðra okkar, íslenska þjóðbúninginn og það sem honum fylgir.

Spurningin

Ertu ánægð(ur) með jarðgöngin milli Hnífsdals og Bolungarvíkur?

Alls svöruðu 719.
Já sögðu 654 eða 91%
Nei sögðu 65 eða 9%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Sunnan- og suðaustanátt, milt veður og vætusamt, en úrkomulítið fyrir norðan. **Horfur á laugardag:** Sunnan- og suðaustanátt, milt veður og vætu-samt, en úrkomulítið fyrir norðan. **Horfur á sunnudag:** Sunnan- og suðaustanátt, milt veður og vætusamt, en úrkomulítið fyrir norðan.

Ritstjórnargrein

40 ára unglingur

„Menntaskólinn á Ísafirði hefur verið burðarstólpi í vestfirsku samfélagi og stuðlað að hærra menntunarstigi og aukinni fjölbreytni í héraði allt frá því að framsýnu fólki tókst af einurð og elju að koma skólanum á fót fyrir fjórum áratugum. Vert er að hafa í huga að baráttan fyrir tilurð skólans stóð hartnær í sama árafjölda og starfssaga skólans spannar nú. Sú framsýni sem einkenndi baráttufólk fyrir betri menntunarmöguleikum á þeim árum endurspeglast um margt í nútímanum þegar fylgst er með uppbyggingu Háskólaseturs Vestfjarða og þeirri nauðsynlegu viðbót í menntunarflóru fjórðungsins sem setrinu fylgir."

Undir þessi orð Birnu Lárusdóttur, formanns skólanefndar MÍ, er ljúft að taka á fjörutíu ára afmæli skólans. Þótt stundum fenni fljótt í sporin er mörgum enn í minni hatröm andstaða þar sem öllu var tjaldað sem hugsanlega gat komið í veg fyrir stofnun skólans. Ef til vill var fundurinn á Mánakaffi, þar sem þingmenn Vestfjarða tóku við þúsundum undirskrifta Vestfirðinga undir kröfuna um menntaskóla á Vestfjörðum, möndullinn sem kom gangverkinu af stað. Vestfirðingar urðu ekki lengur hundsaðir. Þeir áttu sinn rétt.

Um leið og þessum tímamótum í sögu MÍ er fagnað er hollt að minnast þess að oft er erfiðara að gæta fengins fjár en afla þess. Vaktinni til varnar og frekari framgangs Menntaskólans lýkur trúlega aldrei.

„Áfram veginn ...."

Með viku millibili: Bolungarvíkurgöng og Héðinsfjarðargöng; tímamót í samgöngum í dreifbýli; árétting á því viðhorfi að svo verði þjóðinni best borgið að mannlíf blómgist og dafni sem víðast á landinu og að það verði best tryggt með öruggum samgöngum. Stórfelld sameining sveitarfélaga, sem æði margir sjá fyrir sér, er dauðadæmd án góðra samganga, forsendu mannlegra samskipta í nútíma þjóðfélagi.

BB áréttar þá afstöðu sína í samgöngumálum að við eigum að brúa firði og bora jarðgöng, sem frekast er kostur. Brýr og jarðgöng eru sögð dýr mannvirki. Það eru líka langir vegir fyrir eyðifirði og yfir erfiðar heiðar. Hvað með samanburð á kostnaði þessara ólíku möguleika, þegar horft er til viðhalds og snjómoksturs á 20-30 ára tímabili, svo dæmi sé tekið, í meðal árferði? Og gleymum ekki öryggi vegfarenda.

Bæjarins besta sendir íbúum Fjallabyggðar kveðjur á hátíðarstundu og óskar þeim og landsmönnum öllum til hamingju með mannvirkið.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamaður:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.
Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

EYMUNDSSON GLÆPAFARALDUR Í EYMUNDSSON

GLÆPAFARALDUR Í EYMUNDSSON

Nýjar og spennandi glæpasögur kr. 1.990,-

LÆPAFARALDUR Í EYMUNDSSON GLÆPAFARALDUR Í EYMU



ÆPAFARALDUR Í EYM MUNDSSON GLÆPAFA

Tilboð gilda til 17.10.10

Hafðu það notalegt og lestu spennandi bækur í haust.

AFARALDUR Í EYMUNDSSON GLÆPAFARALDUR Í EYMUNDSS

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Saga skólans og samfélagins samtvinnuð

Menntaskólinn fagnar um þessar mundir 40 ára afmæli en fyrstu nemendurnir hófu nám 2. október árið 1970. Saga skólans hefur verið rituð og gefin út í tilefni af afmælinu. Athygli vekur hve langan tíma það tók að koma skólanum á stofn í upphafi. Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari segir sögu skólans vera samtvinnaða sögu samfélagsins á Vestfjörðum og endurspegla hversu tímafrekar framfarir eru í landshlutanum. Þá sér hann fram á bjarta tíma fyrir skólann, handan niðurskurðar og fólksfækkunar.

„Það hefur verið nokkur aðdragandi að því að undirbúa afmælið og það fyrsta sem ákveðið var að gera var að ráðast í það verk að skrifa sögu skólans. Það var ákveðið vorið 2007 þegar Ingibjörg Guðmundsdóttir var skólameistari við skólann. Hugmyndir um það höfðu þó komið fram nokkru áður. Björn Teitsson, sagnfræðingur og fyrrum skólameistari skólans, var fenginn til verksins auk þess sem stofnuð var ritnefnd, skipuð fyrrum kennurum og nemendum skólans, til að vera honum til halds og trausts hvað varðaði efnisval, myndefni og uppbyggingu bókarinnar.

Þó svo að Menntaskólinn hafi sameinast öðrum menntastofnunum var ákveðið að takmarka ritunina við sögu hans sjálfs. Ber þar helst að nefna Iðnskólann og Húsmæðraskólann, en sú sameining hófst árið 1987. Annars hefði þetta einfaldlega verið alltof langt mál og í rauninni er það efni í aðra bók.

Mikil vinna liggur að baki þessarar bókar, sem er í alla staði mjög vönduð. Niðurstaðan eftir útboð var sú að ganga til samninga við Ásprent á Akureyri um prentun og umbrot og þeir hafa skilað afar góðu verki.

Björn Teitsson vann að þessu í skilgreindu hlutastarfi hvað varðar laun, en vinnuframlagið var í rauninni miklu meira. Hann hefur verið vakinn og sofinn yfir þessu verki þar til bókin var pökkuð inn í plast og send til Ísafjarðar á bretti.

Ég er hæstánægður með hvernig hefur tekist til. Ég var sjálfur fenginn í það hlutverk að velja myndir í bókina og var afar vandasamt verk, sérstaklega þegar kom að tækifærismyndunum sem eru á annað hundrað. Tilviljun réð að lokum mestu í því vali svo og gæði myndanna en það var æði misjafnt. Ég tel þó að það hafi tekist að velja myndir í tengslum við efni bókarinnar sem varpi ljósi á starfsemi skólans.

Bókin er mjög flettivæn að mínu mati. Þótt hún sé ekki beint skemmtilestur fyrir þá sem ekki þekkja til, þá eru rammagreinar bæði um starfsmenn og sögur af léttari tagi eða myndir á nánast hverri síðu. Ég vona að bókinni verði vel tekið og fólk kaupi hana og styrki þar með skólann, því svona útgáfa er ekki ódýr þótt menntamálaráðuneytið hafi styrkt hana. Við vonumst til þess að selja nógu margar bækur til að ekki verði tap á útgáfunni.

Ákveðið var af söguritara að rita söguna líkt og um ársskýrslu væri að ræða. Færðar eru til bókar staðreyndir um söguna og starfsemi skólans og þar er að finna lista yfir alla nemendur sem hafa verið í eina önn eða lengur fram til vorsins 2008. Þeir eru ansi margir eða rúmlega 3400 nemendur og hátt í 1300 hafa útskrifast með einhver starfsréttindi eða stúdentspróf. Kennarar skólans hafa verið rúmlega 400 manns. Eru það allir sem komið hafa að einhverju leyti að kennslu skólans, þá bæði sem stundakennarar og í fullu starfi. Þessar tölur sýna glögglega hversu mikil starfsmannavelta hefur verið við skólann, en það er frekar einkennandi fyrir hann. Margir starfsmenn hafa staldrað stutt við og er ástæðuna þá oft að rekja til þess að um ungt fólk var að ræða sem vildi prófa að búa úti á landi, en fór síðan til frekara náms eða starfa annars staðar. Á ákveðnum tímabilum, eins og til dæmis á árunum 1994-2000, var stöðugleiki í starfsmannahaldi og svo er einnig nú. Það sýnir að þegar harðnar á dalnum og atvinnuleysi eykst á höfuðborgarsvæðinu verður staða skólans hér betri hvað varðar starfsmannahald.“

Atvinnulíf byggt upp með auknu námsframboði

„Ég vil meina að þetta endurspegli líka stöðu samfélagsins á Vestfjörðum. Þegar harðnar á dalnum á landinu stöndum við betur. Hér var ekki uppbygging á velmegunartímum og engir byggingakranar sjáanlegir rétt fyrir hrun. Saga skólans og saga samfélagsins hangir mikið saman. Skólinn er vissulega stór og mikilvægur þáttur í samfélaginu.

Þótt allir hljóti að vera sammála um hve mikilvægu hlutverki skólinn gegnir sem eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum, þá er ég sannfærður um að flestir geri sér ekki grein fyrir hversu mikilvægt hlutverk það er fyrir samfélagið í heild. Þegar rætt er um uppbygginu atvinnulífs á svæðinu, og þá sérstaklega á norðanverðum Vestfjörðum, þá er lítið sem ekkert rætt um þann möguleika að byggja upp atvinnulífið með því að auka námsframboð.

Eitt af hlutverkum skólans er einmitt að stuðla að öflugu atvinnulífi á svæðinu. Stjórnendur skólans hafa allt frá fyrstu tíð unnið ötullega að því að byggja upp fjölbreytt námsframboð einmitt í því skyni að uppfylla þarfir samfélagsins og stuðla að kröftugu atvinnulífi. Í fyrstu setningarræðu Jóns Baldvins Hannibalssonar, þann 3. október 1970, lagði hann mikla áherslu á að skólinn myndi marka sér þá stefnu að koma á fót námsframboði sem tengdist atvinnulífinu. Þar nefndi hann sérstaklega eitthvað tengt fiskvinnslu og fiskiðnaði. Það var tillaga Norðmanna árið 1965 að hér þyrfti að koma á skóla sem tengdist fiskiðnaði. Þetta er ekki enn orðið að veruleika. Samt hefur þetta verið rætt innan veggja skólans frá því að ég hóf hér störf 1987 og reyndar man ég eftir þessari umræðu hér líka sem nemandi.“

Skólinn í byggingu í 40 ár

„Það vekur athygli og er merkilegt fyrir margar sakir hversu langan tíma það tók að koma skólanum á. Fyrstu hugmyndir um að stofna framhaldsskóla á Vestfjörðum koma fram rétt eftir stríð. Sá sem kom með fyrstu tillögu að stofnun menntaskóla á Ísafirði var Hannibal Valdimarsson. Ítrekað eru lagðar fram tillögur á þingi og þær jafnvel samþykktar en það var ekki fyrr en 1968 sem samþykkt var að hér skyldi reisa skóla. Fljótlega eftir það áttu byggingaframkvæmdir að hefjast en einhver töf varð á því. Í millitíðinni var ákveðið að reisa nýja skóla á höfuðborgarsvæðinu og nefni ég þar MH sem þá var að koma til sögunnar. Þessu man ég vel eftir sjálfur þar sem ég var að útskrifast frá Héraðsskólanum á Núpi og ætlaði mér að fara í Menntaskólann við Hamrahlíð eins og margir vinir mínir. Hins vegar varð úr að ég fór hingað og það var vegna Jóns Baldvins Hannibalssonar sem hringdi í alla nemendur sem voru að útskrifast úr landsprófi frá Núpi. Þannig smalaði hann nemendum í skólann á fyrstu árunum.

En þessi langi tími sem leið frá fyrstu hugmyndum og þar til skólinn komst á er ótrúlegur. Það er það sama með sögu skólans og sögu samfélagsins og má taka samgöngubætur í fjórðungnum sem gott dæmi um hvað hlutirnir taka langan tíma í þessum landshluta. Til dæmis var á áætlun að gera jarðgöng undir Breiðadalsheiði um 1965 og rannsóknir hófust 1968 en göngin voru ekki tekin í notkun fyrr en 1995. Vestfirðir virðast skera sig úr að þessu leyti hvað erfiðlega gengur að koma á ýmsum framförum.

Fyrsta skóflustungan að skólabyggingum hér á Torfnesi var tekin 1971. Fyrst var byrjað á heimavistinni þar sem hýsa þurfti aðkomunemendur, sem fyrstu árin voru hlutfallslega fleiri en þeir sem komu frá Ísafirði og nágrannasveitunum. Skólahúsnæðið var þó ekki tilbúið fyrr en 1984 og þá flytja nemendur hingað inn. Þá var eingöngu efsta hæðin í bóknámshúsinu tilbúin til notkunar. Neðri hæðin var algjörlega ófrágengin. Um haustið 1987 gerðist sá hörmulegi atburður að gamla kirkjan á Ísafirði brann. Þá var farið að leita að stað þar sem kirkjuhaldið gæti verið til húsa, á meðan ný kirkja yrði byggð og fyrir valinu varð salurinn í menntaskólanum. Ráðist var þá í að ljúka við salinn en ef það hefði ekki komið upp hefði húsnæðið líklegast ekki orðið tilbúið fyrr en nokkrum árum síðar. Fyrirlestrarsalurinn var ekki fullbúinn fyrr en 1993 og síðan hafa ýmsar nýframkvæmdir verið framkvæmdar á árunum 2004-2008. Þar má nefna aðstöðu fyrir trésmíðakennslu, hár- og snyrtibraut, og ýmislegt sem tengist aðgengi fatlaðra eins og lyftur og skábrautir.

Það má því segja að í 40 ára sögu skólans hafi húsnæði hans verið í byggingu. Þetta er ólíkt því sem þekktist á árum áður eins og þegar gamla sjúkrahúsið var

byggt en það var gert nánast á einu ári og af vanefnum og er eitt fegursta hús bæjarins að mínu mati

Mér finnst þetta sýna úrræðaleysi eða hreint út sagt aðgerðaleysi ráðamanna ríkisvaldsins sem hefur leitt til þess að við stöndum eins og ljóst er núna í þeim sporum þar sem við erum. Þess vegna er svo mikilvægt að skrá sögu landsins, rétt eins og sögu skólans, og hafa hana að leiðarljósi, læra af mistökunum og eins því sem vel er gert. Allir fyrirrennarar mínir hafa unnið mjög ötullega að því að vinna hér öflugt og gott skólastarf. Það einkennir skólann hversu vel hefur verið staðið að uppbyggingu hans þrátt fyrir að hve langan tíma húsnæði hans var í byggingu.“

Nemendafjöldi stöðugur þrátt fyrir fólksfækkun

„Á þessum tímamótum, eftir 40 ár, stendur skólinn nokkuð vel. Hann er með margar námsbrautir, fleiri en nokkru sinni áður. Í kjölfar sameiningar við Iðnskólann og síðar Húsmæðraskólann þurfti aðstöðu fyrir verknám.



Hér er aðstaða til að hafa hátt í 400 nemendur. Staðan er hins vegar þannig að fólksfækkun hefur verið stöðug í um aldarfjórðung. Það er athyglisvert að á sama tíma og íbúafjöldinn á svæðinu hefur dregist saman um 25% hefur nemendum fjölgað stöðugt. Helsta ástæðan er sú að námsframboðið hefur aukist. Nánast á hverju einasta skólaári hefur einhver nýjung verið við skólann, ýmist valgreinar eða nýjar brautir verið settar af stað. Þær hafa margar hverjar eingöngu verið við lýði í nokkur ár og síðan lagðar niður vegna minnkandi þátttöku en þá hefur alltaf eitthvað annað komið í staðinn. Önnur ástæða er sú að það munaði mikið um þær samgöngubætur sem urðu með tilkomu ganganna undir Botns- og Breiðadalsheiðar, en eftir þann tíma komu næstum allir nemendur sem útskrifuðust úr grunnskóla á svæðinu. Undanfarin ár höfum við verið að fá á milli 95-98% nemenda sem útskrifast á norðanverðum Vestfjörðum. Fyrir tíma jarðganga vorum við að fá jafnvel undir 40% af útskrifuðum nemendum. Það hefur því orðið mikil breyting á því sem var.

Við fylgjumst grannt með íbúaþróun á svæðinu þar sem við erum alltaf að huga að svokallaðri nýliðun. Ef við horfum fram í tímann er útlit fyrir að staðan verði nokkuð góð næstu fjögur árin. Við erum að fá um 80 nýnema inn í skólann á hverju ári. Fyrir tíu árum voru það allt 120 nemendur, sem sýnir glögglega fólksfækkunina á svæðinu. Ef allt fer eins og horfir sjáum við fram á að nýnemum muni fækka úr 80 niður í 65 eftir fimm ár. Þetta er gífurleg fækkun og þegar við reynum að rýna enn lengra fram í tímann sér maður fram á enn meiri fækkun."

Vestfirðir að fara í eyði?

„Þegar maður skoðar þetta hvarflar að manni það sem fram kom í fyrstu setningarræðu Jóns Baldvins Hannibalssonar við skólann 1970, en frá því að fyrstu hugmyndir um að stofna hér skóla komu fram hafði íbúum fækkað verulega og heilu byggðirnar farið í eyði. Jón Baldvin spurði hvort Vestfirðir væru að fara í eyði og varpaði einnig fram spurningunni: Ef svo er, hvers vegna? Hann tíndi til ástæðurnar að hér var fábreytt atvinnulíf og tækifæri til menntunar lítil sem engin. Málið er nefnilega ekkert flóknara en það að hafi fólk ekki atvinnu eða getur menntað sig, þá flytur það í burtu. Í umræðunni hefur verið sú vitleysa að á Vestfjörðum sé svo erfitt að búa. Það er bara alls ekki rétt. Hér á öldum áður voru blómlegustu byggðirnar á Vesturlandi og Vestfjörðum. Hér var auðvelt að afla matar og ekki var ánauð vegna eldgosa og öskufalls. Ekki er að sjá í jarðvegi að öskufall hafi nokkru sinni náð hingað, svo að byggð hefur aldrei lagst í eyði vegna þess. Hins vegar sýnir jarðsagan að það gerist reglulega eða nokkrum sinnum á öld, að byggðir á landinu leggist í eyði vegna eldgosa. Skemmst er að minnast þessa smágoss sem var í Eyjafjallajökli, ég orða það þannig að því það var bara smágos miðað við söguna. Það varð þó til þess að byggð í næsta nágrenni lagðist nánast niður. Stór gos eiga eftir að koma og stórar byggðir eiga eftir að leggjast í eyði. Þannig hefur það verið og þannig mun það alltaf vera. Þess vegna er svo mikilvægt að halda jafnvægi í byggðum landsins. Ekki má eingöngu sjá til þess að stóru þéttbýlisstaðirnir úti á landi haldi velli heldur líka þorpin og sveitirnar í kring. Því þegar sveitirnar veikjast, veikjast þorpin líka og það hefur í för með sér að stóru þéttbýlisstaðirnir veikjast og þá veikist suðvesturhornið. Þegar eitthvað bjátar á eins og nú í kjölfar þessa stóra hruns getur fólk ekki snúið aftur til sveitanna og þorpanna því þau standa svo veik fyrir, það fer því til útlanda að leita betri kjara. Nú er svo komið að fólk er að fara héðan unnvörpum, hér er einfaldlega landflótti. Viðreisnin felst í því að reyna byggja upp suðvesturhornið þar sem flestir eru.

Þetta er afleiðing fyrst og fremst af tvennu: Í fyrsta lagi af þeirri byggðastefnu sem ríkt hefur á Íslandi allar götur frá því að við ákváðum að gerast sjálfstæð þjóð. Markvisst hefur verið unnið að því leynt og ljóst að byggja upp landið með þeim hætti að öflugasta starfsemin og bestu samgöngurnar væru sem næst Alþingishúsinu. Ráðamenn hafa þó í hátíðaræðum í gegnum tíðina talað með fagurgala um að það ætti að halda jafnvægi í byggðum landsins. Það hefur bara verið í orði því þannig er það alls ekki á borði. Þetta sést glögglega á áherslum í samgöngubótum og í fiskveiðistjórnunarkerfinu. Það er ekki tilviljun að fólksfækkun varð verulega mikil eftir að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi komst á, en það er hitt atriðið."

Þúsund ungmenni vegalaus

„Þrátt fyrir þetta hefur ekki bara tekist að reka skólann með hagnaði heldur hefur okkur tekist að greiða niður mjög miklar skuldir. Nú stendur skólinn, ásamt öllum öðrum skólum landsins, frammi fyrir því að leita allra leiða til að hagræða vegna niðurskurðar. Mjög líklega þarf að skera niður framlag til framhaldsskóla um rúmlega milljarð. Það er reyndar minna en fyrstu hugmyndir voru um. Ekki er orðið alveg ljóst hver niðurstaðan verður, en skólameistarar vinna nú að því að finna leiðir til að hagræða á sem sársaukaminnstan hátt. En auðvitað er það þannig að strax eftir hrun var farið í að hagræða í rekstri framhaldsskólanna. Það er því rauninni búið að

ganga eins langt og lög leyfa. Næstu aðgerðir sem blasa við er þá að breyta lögum. Ég bendi á að ef skerða á kjör kennara sem stærsti hluti fjármagns við skólarekstur fer í þarf að breyta lögunum. Það yrðu ekki vinsælar aðgerðir. Fyrstu aðgerðir í hagræðingunni voru að breyta launum skólameistara sem nemur heilum mánaðarlaunum á ári. Ég sé ekki fyrir mér að kennarar yrðu sáttir með að árslaun þeirra yrðu skorin svo mikið niður.

Ég sé fyrir mér að besta leiðin til að hagræða í skólarekstrinum væri að stytta skólaárið. Við lengdum það fyrir nokkrum árum um tvær vikur og tel ég því vera svigrúm til að stytta það á ný. Það væri hægt að haga því þannig að fjölga kennsludögum á kostnað prófadaga. Ég get ekki ímyndað mér að nemendur hefðu nokkuð á móti því að vera lengur í sumarfríi og kennarar jafnvel ekki heldur. Þetta yrði því sársaukaminnsta aðgerðin. En til þess þarf að breyta lögum.

Ef ekki verður gripið til einhverra aðgerða verða skólameistarar að grípa til þess ráðs að hafna nemendum og úthýsa þeim. Á næsta ári verða því líklega þúsund ungmenni vegalaus því þau komast ekki inn í skóla. Hvað verður þá um þessi ungmenni? Ekki geta þau farið út í atvinnulífið í atvinnuleysinu og lenda því væntanlega á könnu félagsmálaráðuneytisins og það kostar líklega meira en 70 þúsund krónur á mánuði en það er upphæðin sem það kostar ríkið að hafa nemanda í skóla. Ég bendi á að atvinnuleysisbætur eru rúmlega tvöfalt hærri en það. Að auki mun þetta kosta félagsleg vandamál sem útheimta meiri fjárútlát. Það kostar hátt í milljón á ári að hafa nemanda í skóla og milljarður í niðurskurði er hátt í þúsund nemendur. Þegar upp er staðið mun þessi milljarður sem menn hyggjast skera niður til menntamála stuðla að enn meiri útgjöldum ásamt ýmsum harmleik sem þessu fylgir. Þetta er bara gott dæmi um það glóruleysi sem ríkir við stjórn landsins.“

Það birtir til á ný

„Ég er bjartsýnn að eðlisfari og þrátt fyrir þann niðurskurð og erfiða skólaár sem er framundan munum við halda áfram að byggja hér upp öflugt námsframboð. Það er á stefnuskrá skólans að auka námsframboðið enn frekar og meðal annars er ætlunin að koma hér upp námi tengdu fiskiðnaði. Við erum í samstarfi við nokkra framhaldsskóla um að tengja námsframboð skólans við fiskveiðar og vinnslu og fiskeldi. Það mun þá loksins rætast það sem Norðmenn lögðu til fyrir um hálfri öld og Jón Baldvin nefndi í fyrstu setningarræðunni. Þetta hefur ekki enn orðið að veruleika en ég er bjartsýnn á að það verði innan fimm ára, en það á þó eftir að koma í ljós. Einnig tel ég mikilvægt að hér verði komið á fót skipstjórnarnámi eins og skólinn hefur haft stöku sinnum. Fyrsti stýrimannaskólinn á landinu var á Ísafirði og því tel ég eðlilegt að hér verði nám sem gefur mönnum færi á að fá réttindi á að minnsta kosti smærri skip. Fleira mætti nefna sem við erum að vinna að, eins og samstarfsverkefni við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Byggðasafnið sem nefnist Gullkistan sem felst í viðhaldi gamalla báta og varðveislu horfins handverks.

Mér finnst ríkja velvilji og skilningur embættismanna menntamálaráðuneytisins til skólans og viðurkenning á sérstöðu hans og hef ég fengið þar góðar móttökur. Þessi skilningur og viðurkenning hefur þó ekki fengið inni í því reiknilíkani sem fjárheimildir til framhaldsskóla miðast við.

Þegar við horfum framhjá þessari kvöl og pínu sem við stöndum frammi fyrir núna, þá mun birta til innan nokkurra ára eins og hefur alltaf gert. Skólinn mun halda áfram að dafna og vaxa eins og hann hefur gert alveg frá því hann var settur á fót fyrir 40 árum.“ – *thelma@bb.is*

Bílatryggingar bæta ekki tjón vegna snjóflóðs

Karlmaður sem lærleggsbrotnaði í Súðavíkurhlíð árið 2006, þegar snjóflóð féll á bíl og þrýsti honum til hliðar þannig að maðurinn klemmdist á milli tveggja bíla, fær hvorki bætur frá tryggingafélagi bifreiðarinnar né eiganda bílsins þar sem slysið varð ekki vegna notkunar vélknúins ökutækis. Hæstiréttur staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjavíkur en maðurinn krafðist þess að fá 9.098.625 krónur í bætur auk dráttarvaxta. Maðurinn varð fyrir slysinu þann 5. apríl 2006 þegar hann var í útkalli með Björgunarfélagi Ísafjarðar vegna snjóflóða sem höfðu fallið í Súðavíkurhlíð. Voru björgunarsveitarmenn kallaðir út til að aðstoða fólk í tveimur bílum, sem sátu fastir á Súðavíkurhlíðinni milli snjóflóða.

Björgunarsveitamenn fóru á tveimur bílum á staðinn. Þegar þeir voru að störfum í hlíðinni féll snjóflóð á annan bílinn og kastaði honum á manninn sem lærbrotnaði. Samkvæmt örorkumati er maðurinn metinn með 15% varanlega örorku en hann var frá vinnu frá frá 5. apríl til 15. október 2006.

Dómurinn segir, að slysið hafi ekki orðið vegna notkunar bílsins og verði á engan hátt rakið til hættueiginleika vélknúinna ökutækja sem liggja til grundvallar hinni hlutlægu ábyrgðarreglu umferðarlaga. Því var tryggingafélagið sýknað af kröfu mannsins.

465 löxum var landað úr Hvannadalsá í sumar.

Gott laxveiðisumar að baki

Góð veiði var í laxveiðiám við Ísafjarðardjúp í sumar. Veiði í Langadalsá og Hvannadalsá lauk um þar síðustu helgi. Í fyrrnefndu ánni komu 256 laxar á land og 465 í Hvannadalsá. „Samkvæmt tölum frá angling.is er Hvannadalsá að standa sig betur en undanfarin ár þrátt fyrir mikla þurrka sem hafa verið viðvarandi nánast allt sumar. Langadalsá er hins vegar nokkurn veginn á sama róli og hún hefur verið síðustu ár. Vatnsborðið í Langadalsá var einfaldlega of lágt til þess að fiskurinn væri að taka að viti,“ segir á vef veiðifélagsins Lax-á sem hefur umsjón með ánum.

„Bæði Hvannadalsá og Langadalsá voru fullar fiski og kom það á óvart hversu lítið af smálaxi var í ánum. Það var þá helst Langadalsá sem hýsti stærstu fiskana og voru þeir ekki fáir,“ segir á lax-a.is. Veiði í Laugardalsá lauk einnig í september en þar komu 548 laxar á land í sumar.

Flest einkahlutafélög stofnuð í Ísafjarðarbæ

Flestar nýskráningar á einkahlutafélögum á Vestfjörðum á síðasta ári voru í Ísafjarðarbæ eða 30 talsins. Í heild voru 75 ný félög skráð á Vestfjörðum í fyrra en það eru um 10 félög á hverja 1000 íbúa. Næst flestum félögum var komið á fót í Vesturbyggð eða 18 talsins. Stofnuð voru einkahlutafélög í öllum sveitarfé-lögum fjórðungsins nema í Bæjarhreppi.

Nýskráningum fjölgaði hlutfallslega mest á milli ára á Vestfjörðum, eða um ríflega 70%. Flest félög sem voru nýskráð árið 2008 voru í útgerð smábáta en þau voru sex talsins. Árið 2009 voru 23 félög af þeim 75 sem nýskráð voru 2009, skráð sem útgerð smábáta og 8 félög skráð sem útgerð fiskiskipa. Á Vestfjörðum 2009 voru 9 félög nýskráð í leigu atvinnuhúsnæðis og 7 veitingastaðir voru nýskráðir árið 2009.

Nýskráð hluta- og einkahlutafélög voru 2.642 á síðasta ári á landinu öllu og fjölgaði um tæp 3% frá árinu 2008 þegar 2.571 ný félög voru skráð. Flestar nýskráningarnar voru fyrir starfsemi eignarhaldsfélaga og vegna leigu atvinnuhúsnæðis eða 20% nýskráninga. Skipting nýskráninga eftir landsvæðum er nokkuð svipuð á milli ára en sem fyrr eru flestar nýskráningar á höfuðborgarsvæðinu eða 72%.

SAMVERK
GLERVERKSMIÐJA

TOP N+ ... betra gler
Gasfyllt gler, aukin einangrun.

Glerverksmiðjan Samverk ehf
Eyjasandi 2, 850 Hella
sími: 488-9000 • fax: 488-9001
www.samverk.is • samverk@samverk.is

Kanna byggðaþróun á Vestfjörðum

Ýmsir búsetuþættir á Vestfjörðum verða kannaðir við uppfærslu skýrslu Byggðastofnunar, Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun, frá árinu 2008. Í skýrslunni frá 2008 voru til skoðunar 22 sveitarfélög víðsvegar um landið, flest þó á Norðausturlandi og á Vestfjörðum. Samhliða skýrslu Byggðastofnunar vann Háskóli Íslands að könnun á þjónustu á sömu svæðum. Viðmiðin varðandi fólksfækkun verða nú 15% fækkun íbúa á árunum 1994-2009. Það er breyting frá fyrri skýrslu og þýðir að nú verða 32 sveitarfélög til skoðunar en megin svæðin eru svipuð, eða norðvestur- og norðausturhluti landsins, sem og suðausturland. Einnig verður fjallað um nokkur sveitarfélög sem hafa haldið sínu hvað íbúaþróun varðar, eða eru í vexti.

Áfram verða til skoðunar búsetuþættir eins og atvinnulíf, umhverfi, samgöngur, þjónusta, menning, menntun og velferðarmál út frá styrkleikum, veikleikum og tækifærum í hverju samfélagi fyrir sig. Það verður annars vegar gert með því að vinna tölfræðilegar upplýsingar, en einnig með því að heimsækja viðkomandi sveitarfélög.

Verkefnið verður unnið í samstarfi þróunar- og fyrirtækjasviða Byggðastofnunar og flestir sérfræðingar þeirra sviða munu koma að því með einum eða öðrum hætti. Þær Sigríður K. Þorgrímsdóttir og Elín Gróa Karlsdóttir hafa þegar heimsótt sex sveitarfélög á Vestfjörðum og fundað með bæjar- og sveitarstjórnum og forsvarsmönnum nokkurra fyrirtækja. Verður þessum ferðum framhaldið á næstu vikum. Sigurður Árnason vinnur að tölfræðilega hluta verksins. Verkefnið verður einnig unnið í samstarfi við atvinnuþróunarfélög og háskóla og/eða aðrar stofnanir.

Markmiðið með verkefninu er m.a. að þær upplýsingar um stöðu byggðarlaga þar sem fólksfækkun er mest séu uppfærðar reglulega og geti þannig nýst stjórnvöldum við stefnumótun í byggðamálum og til aðgerða á þeim svæðum sem um ræðir.

Sameiningarkostir á Vestfjörðum

Fyrstu hugmyndir nefndar, sem kannað hefur sameiningarkosti sveitarfélaga í öllum landshlutum, felast m.a. í því að Vestfirðir verði sameinaðir í eitt sveitarfélag. „Með sameiningu allra sveitarfélaga á Vestfjörðum yrði til öflugt sveitarfélag með 7.300 íbúum. Hið sameinaða sveitarfélag hefði fulla burði til þess að sinna öllum þeim verkefnum sem sveitarfélögum ber samkvæmt lögum í dag. Flest sveitarfélögin á Vestfjörðum þurfa í dag að treysta á byggðasamlög og þjónustusamninga við önnur sveitarfélög í mörgum málaflokkum,“ segir í umræðuskjali nefndarinnar.

Þá er settur fram sá varnagli að ef sérhæfð þjónusta og stjórnsýsla byggist í auknum mæli upp á Ísafirði eftir sameiningu, yrði hætt við að íbúar jaðarsvæða telji sig vera afskipta og hafa minni áhrif en áður. „Til þess að koma í veg fyrir slíka þróun þarf að leggja áherslu á að endurskipuleggja stjórnkerfið og stjórnsýsluna þannig að sem flestir íbúar hafi sem jafnastan aðgang og jöfn áhrif. Þannig væri hægt að skipta Vestfjörðum upp í 3-4 þjónustusvæði og koma á fót jafn mörgum svæðisráðum innan stjórnkerfisins. Slíkt hefur gefist vel í sveitarfélögum með dreifðum byggðum erlendis,“ segir í skjalinu.

Einnig eru settir fram þeir kostir að Ísafjarðarbær, Bolungarvík og Súðavíkurhreppur sameinist annars vegar og hins vegar Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð. Einnig er varpað fram öðrum kostum, meðal annars að þrjú sveitarfélög sameinist við aðra landshluta sem nefndin telur athyglisverðan kost sem sé vel þess virði að skoða.

Hugmyndin gengur út á að mynda eitt sveitarfélag á norðanverðum Vestfjörðum með samruna þeirra þriggja sveitarfélaga sem þar eru. Taka síðan suðurfirðina sérstaklega út og sameina Vesturbyggð og Tálknafjörð í eitt sveitarfélag. Sveitarfélögin þrjú á Ströndum og Reykhólahreppur sameinist síðan Dalabyggð til suðurs. „Þetta sameinaða sveitarfélag yrði með rúmlega 1.600 íbúa sem dreifast á mjög stórt svæði eða 6.500 ferkílómetra. Samgöngur hafa batnað mikið eftir að vegurinn um Arnkötludal var opnaður. Þannig eru aðeins 80 km á milli Hólmavíkur og Búðardals í dag. Nokkuð er um samstarf milli þessara sveitarfélaga. Dalabyggð, Reykhólahreppur og Árneshreppur eru t.d. í byggðasamlagi um rekstur skipulags- og byggingafulltrúa, og áður var Hólmavík hluti af þessu samstarfi,“ segir í skjalinu.

– thelma@bb.is

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu

Guðrúnar Veturliðadóttur
frá Ísafirði

Börn, tengdabörn og barnabörn.

Tillaga að aðalskipulagi Bolungarvíkur 2008-2020

Bæjarstjórn Bolungarvíkur auglýsir hér með tilögu að aðalskipulagi Bolungarvíkur skv. 18. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Aðalskipulagið ásamt umhverfisskýrslu tekur til alls lands sveitarfélagsins. Aðalskipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Ráðhúsinu í Bolungarvík, Skipulagsstofnun, á heimasíðu Bolungarvíkur, www.bolungarvik.is og á heimasíðu Skipulagsstofnunar, www.skipulag.is, frá og með 7. október 2010 til og með 4. nóvember 2010.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við aðalskipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 18. nóvember 2010. Skriflegum athugasemdum skal skila á bæjarskrifstofur Bolungarvíkur, Ráðhúsinu, Aðalstræti 10-12, Bolungarvík.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest, teljast henni samþykkir.

Bolungarvík, 29. september 2010,
Jóhann Birkir Helgason,
sviðstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs.

Fasteignasala hefur aðeins verið að taka við sér í haust eftir ágætis sumar.

Jöfn fasteignasala yfir árið

Fasteignamarkaðurinn á norðanverðum Vestfjörðum hefur verið fremur stöðugur undanfarið ár. „Fasteignasala hér fyrir vestan hefur aðeins verið að taka við sér í haust eftir ágætis sumar. Markaðurinn hefur verið stöðugur síðastliðið ár og salan hefur verið frekar jöfn yfir árið," segir Guðmundur Óli Tryggvason fasteignasali hjá Fasteignasölu Vestfjarða. Aðspurður hvort fasteignaverð komi til með að hækka í Bolungarvík í kjölfar opnunar Bolungarvíkurganga segir hann að enn sé of snemmt að segja til um það.

„Hvað varðar Bolungarvík, þá finnst mér að áhugi á eignum þar hafi ekki aukist ennþá, þó svo að göngin séu að komast í gagnið. Ég hef mikið verið spurður um þetta síðastliðið ár, ætli það sé ekki bara tímaspursmál hvenær fólk sér möguleika á að kaupa góðar eignir þar á lægra verði en á Ísafirði, nú þegar samgöngurnar eru orðnar auðveldari."

Guðmundur Óli bætir við að ef sala eykst mikið á stuttum tíma fylgir því yfirleitt verðhækkun líka, en þetta komi allt í ljós á næstu mánuðum.

Hannar skartgripi og prjónauppskriftir

Ísfirðingurinn Bergrós Kjartansdóttir tekur þátt í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsinu í Reykjavík í næsta mánuði. Bergrós hannar ásamt Olgu Nielsen skartgripi undir merkinu Gling Gló. „Við munum hefja samstarf okkar með þessari sölusýningu. Samstarfið leggst mjög vel í okkur og það verður spennandi að sjá hvernig fram vindur," segir Bergrós. Hún hefur stundað gullsmíðanám í tækniskólanum í Reykjavík undanfarin ár.

Þá hefur Bergrós einnig verið í prjónahönnun og leitar nú á ný mið þar sem hún er ein þriggja kvenna sem tekið hefur við hönnun uppskriftablaðsins Lopi sem Ístex gefur út. „Lopi 30 kemur út á næstunni og ég veit að það eru margir sem bíða spenntir eftir útgáfu þess ár hvert. Það hefur lengi verið sami hönnuður en sú kona flutti til útlanda og því var ég og tvær aðrar fengnar til verksins."

– thelma@bb.is

Alfreð hættir

Stjórn knattspyrnudeildar BÍ/Bolungarvíkur og Alfreð Elías Jóhannsson hafa komist að samkomulagi um að Alfreð láti af störfum sem þjálfari meistaraflokks félagsins. Í yfirlýsingu frá stjórn BÍ/Bolungarvíkur er Alfreð þakkað fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og honum óskað velfarnaðar í því sem hann tekur sér fyrir hendur. Alfreð Elías Jóhannsson var ráðinn þjálfari BÍ/Bolungarvíkur í fyrra og var þá skrifað var undir þriggja ára samning. Alfreð hefur einnig spilað með BÍ/Bolungarvík en hann tók við liðinu af Dragan Kazic.

Á ferli sínum hefur Alfreð einnig leikið með Grindavík, Stjörnunni, Víkingi Ólafsvík, Njarðvík, GG og Sindra. Alfreð er að upplagi framherji en hann lék einnig í miðri vörninni hjá Víkingi Ólafsvík. *– thelma@bb.is*

Héraðsstólpi

Stakkur skrifar

Menntaskólinn á Ísafirði hélt hátíðlegt 40 ára starfsafmæli sitt hinn 2. október síðastliðinn. Í upphafi voru bundnar miklar væntingar við skólann og ekki að furða. Vestfirðingar höfðu ekki átt þess kost að ljúka stúdentsprófi í héraði. En það var og er enn lykill að háskólanámi. Metnaður var mikill fyrir hönd skólans og nemendur jafnt og kennarar stoltir af hinum nýja skóla. Saga skólans hefur nú verið gefin út á bók. Björn Teitsson, sem lengst hefur verið skólameistari eða um helming starfstímans ritaði hana. Er það vel að skrá sögu æðstu menntastofnunar á Vestfjörðum til upplýsingar, bæði þeim sem hafa þar stundað nám og þeim er á eftir koma, auk annarra áhugamanna.

Ástæðulaust er að gera sögunni skil hér. Vert er þó að geta fyrsta skólameistara, Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem ýtti úr vör og margir minnast fyrir snarpa stjórnun og leiðsögu. Skólinn var í upphafi bóknámsskóli og sóttur af heimamönnum, auk annarra sem dvöldu í heimavist. Stórbættar samgöngur, ásamt því að skólinn annast nú verklega menntun, hafa haft í för með sér aukna aðsókn. Verkmenntir hafa styrkt skólann og gert veg hans meiri en meðan bóknám eitt var í boði. Fjórir áratugir eru ekki langur tími en mikilvægi skólans fyrir Ísafjörð og nágrenni verður seint ofmetið. Reyndar er skólinn ætlaður öllum Vestfirðingum og hafa fleiri sótt hann eftir því sem farmfarir hafa orðið í vegagerð á Vestfjörðum.

Því verður ekki neitað að stundum hafa staðið deilur um skólann og stjórnun hans. Óvíst er að það hafi ætíð verið til gagns. Ætla má að til lengri tíma hafi staða hans styrkst fremur en veikst. Einmitt þess vegna er mikilvægt að við stöndum saman um hag skólans enda fer hann saman við velgengni byggðar á Vestfjörðum. Á þeim erfiðu tímum sem við nú lifum þegar fjárveitingar hins opinbera eru skornar niður og allur rekstur á þess vegum því erfiðari en oft áður megum við ekki missa sjónar á það að standa vörð um hið góða er við höfum í héraði. Því er treyst að Vestfirðingar muni ótrauðir standa vörð um sinn góða menntaskóla. Skólinn er trygg undirstaða í héraði og gerir unglingum sem búa í nágrenni hans kleift að stunda nám í heimabyggð.

Ekki má gleyma þeim ótvíræða kosti að skólinn laðar að sér menntaða kennara sem hafa áhrif til góðs í samfélaginu og geta látið gott af sér leiða. Okkur bera að leita allra leiða til þess að tryggja undirstöður þessarar menntastofnunar í héraði og efla hana. Þannig byggjum við til framtíðar og gerum kosti þeirra sem vilja búa á Vestfjörðum, einkum norðantil þar til samgöngur batna enn, betri en ella.

Okkur ber að standa vörð um þann héraðsstólpa sem Menntaskólinn á Ísafirði er og efla hann. Fyrir hönd skólans er núverandi skólameistara Jóni Reyni Sigurvinssyni óskað til hamingju með áfangann sem og íbúum öllum.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

smáar

Til sölu eru hellur 10x20m², 100 metrar af kantstein og 20 steypusökklar fyrir skjólvegg. Uppl. í síma 862 6200.

Til leigu er notaleg 2ja herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Leigist með eða án húsgagna, til lengri eða skemmri tíma. Uppl. í síma 690 2241 og 690 2202.

Til leigu er 4ra herb. 120 m² íbúð að Pólgötu 4 á Ísafirði. Leiguverð kr. 80.000. fyrir utan hita og rafmagns. Íbúðin er laus á næstu dögum. Þeir sem vilja skoða íbúðina, geta hringt í Kristbjörgu í síma 697 4700.

Til sölu er lítið sem ekkert notað BMX freetyle hjól. Uppl. í síma 456 7355.

Ertu orðin(n) áskrifandi? Það er mun ódýrara!

Síminn er 456 4560!



Önfirðingurinn Snorri Snorrason og DC 3 að lenda í Danmarkshavn á Grænlandi. Ljósm.: Fréttablaðið / GVA.

Áttræður í bókaútgáfu

Önfirðingurinn Snorri Snorrason, fyrrum flugstjóri hefur gefið út bókina „Íslenskar flugvélar – saga í 90 ár. „Íslendingar voru fljótir að tileinka sér flugið og ef það Flugfélag Íslands sem var stofnað árið 1919 hefði haldið starfsemi sinni áfram þá væri það þriðja elsta flugfélag í heimi," segir Snorri í samtali við önfirska fréttavefinn flateyri.is. „Við erum tveir höfundarnir að þessari bók, sjáðu til. Ég skrifaði textann og breski listamaðurinn Wilfred Hardy teiknaði og málaði allar myndirnar. Hardy er sérhæfður í að teikna flugvélar og gerir það forkunnar vel. Auk þess setur hann vélarnar í það umhverfi sem óskað er og gerir hverju smáatriði skil. Ég er svo heppinn að eiga ljósmyndir af flugvélum og loftmyndir af landinu sem ég tók á mínum flugmannsárum. Sumar þeirra sendi ég Hardy ásamt ýmsum upplýsingum og þess vegna virðast vélarnar í réttri hæð á loftmyndunum hans," segir Snorri.

Snorri er áttræður og flestum fróðari um íslenska flugsögu enda hefur hann upplifað mikið af henni sjálfur, er stálminnugur og segir vel frá. Hann hefur þó ekki gengið með þá hugmynd lengi að gefa út þessa bók. „Það eru tíu ár síðan Hardy málaði fyrstu myndina fyrir mig. Svo urðu þær alltaf fleiri og fleiri og á endanum sögðu vinir mínir við mig: Það verður að gefa þetta út. Þá fór ég að skrifa sögu vélanna. Ég hef leitað til margra og man sjálfur alveg aftur til 1937. Jóhannes, eldri bróðir minn, sem byrjaði ungur í fluginu, var líka búinn að segja mér allt mögulegt í gegnum árin. Svo þekkti ég alla frumkvöðlana í fluginu og Sigurður Jónsson, „Siggi flug," handhafi flugskírteinis númer eitt var prófdómari 1946 þegar ég fór í mitt fyrsta sólóflug," segir Snorri.

Snorri byrjar meginmál bókarinnar á að rifja upp friðsæl æskuár á Akureyri þar sem hann sleit barnsskónum. En stríðsárin koma líka við sögu enda segir hann flugumferðumferð hafa verið mikla á Akureyri þá. Skip sjást á sumum myndum, bæði lystiskip og herskip og í textanum eru frásagnir af þeim. „Ég tengi þessa flugsögu við þjóðfélags-og heimsmálin eins og þau voru á hverjum tíma," segir Snorri og tekur fram að bókin sé fyrir venjulegt fólk en ekki bara tæknimenn.

Makrílveiðarnar komnar til að vera

Frystitogarinn Júlíus Geirmundsson ÍS 270, sem stundað hefur makrílveiðar úti fyrir Austurlandi undanfarnar vikur, landaði á Ísafirði um miðja síðustu viku. Makrílveiðum er lokið að sinni og er Júlíus því farinn á hefðbundnar bolfiskveiðar. Sverrir Pétursson, útgerðarstjóri Hraðfrystihússins Gunnvarar, sem gerir út Júlíus Geirmundsson, segir í samtali við fréttavefinn jullinn.is, sem rekinn er af áhöfn skipsins, veiðarnar hafa gengið nokkuð vel.

„Makríkveiðarnar gengu vel þegar haft er í huga að við höfum aldrei staðið í þessu áður. Við höfum orðið okkur úti um dýrmæta reynslu hvað varðar veiðar, vinnslu og markaðssetningu. Vil töldum okkur þurfa tvö ár til að ná sömu gæðum og Norðmenn, en ég held að við séum nú þegar komnir með betri vöru en þeir. Sérstaklega vil ég þakka áhöfn Júlíusar fyrir frábær gæði þess makríls sem við höfum landað," segir Sverrir.

Aðspurður um afkomuna segir Sverrir: „Afkoman af veiðunum var viðunandi, að vísu var fjárfesting í veiðarfærum mjög mikil. Ef ekki hefði komið til makrílveiða Júlíusar hefði hann verið bundinn við bryggju allan júlí mánuð, en það hefði verið í fyrsta skiptið sem það hefði komið fyrir þetta skip." Sverrir segist vera bjartsýnn á framtíð makrílveiða. „Við sjáum ekki annað en að þessar veiðar séu komnar til að vera," segir Sverrir Pétursson, útgerðarstjóri HG í samtalið við jullinn.is.

– bb@bb.is

„Eins og að jarðsetja gamlan frænda"

Viktor Arnar Ingólfsson ritstjóri Framkvæmdafrétta Vegagerðarinnar segir örlitla eftirsjá vera eftir Óshlíðarvegi. „Að kveðja veginn um Óshlíð virtist fyrir marga vera eins og að jarðsetja gamlan frænda. Hann hafði að vísu alltaf verið til vandræða en duglegur að skaffa og greiðvikinn þegar hann var ekki á skallanum," segir í nýjasta tölublaði Framkvæmdafrétta.

Hann segir einnig að eflaust muni margir sakna ljósanna á Óshlíð sem nú hafa verið slökkt, sérstaklega sjófarendur sem hafa haft þau sem leiðarljós á stíminu inn til Ísafjarðar.

Viktor var viðstaddur opnun Bolungarvíkurganga og segir gleði þeirra sem fögnuðu áfanganum hafa verið einlæga og fölskvalausa. „Maður getur ímyndað sér léttinn hjá fjölskyldum í Bolungarvík sem þurfa ekki lengur að óttast um sína á stórhættulegum vegi," segir Viktor.

– thelma@bb.is

Hætta af vanhirtum húsum

Hætta stafar af þremur niðurníddum húsum í Bolungarvík og hefur slökkviliðsstjórinn á staðnum óskað eftir því að umhverfismálaráð sveitarfélagsins beiti sér fyrir úrbótum. Húseignirnar eru opnar og farnar að vera leiksvæði barna að því fram kemur í bréfi Ólafs Þ. Benediktssonar slökkviliðsstjóra. Hann segir bruna- og slysahættu stafa af ástandi húsanna. Húsin eru að Hafnarstræti og Hlíðarstræti.

Einnig bendir slökkviliðsstjóri í bréfinu á að algengt sé að brettum og fleira brennanlegu dóti sér raðað upp við atvinnuhúsnæði. Þá séu svæði á víðavangi til vansa svo sem neðan bræðslunnar sem er í mikilli nánd við eldsneytistanka. Þá þarf að gera svæðið neðan áhaldahússins, þar sem trillueigendum hefur verið bent á að geyma báta sína, aðgengilega með því að fjarlægja bílflök og fleira.

Mátulegur gestagangur í sumar

„Það er allt gott að frétta héðan, við erum bara að sinna haustverkunum," segir Salvar Baldursson, bóndi í Vigur í Ísafjarðardjúpi. Eyjan fagra í Djúpinu hefur vakið mikla athygli meðal ferðamanna í sumar en þangað hafa farþegar skemmtiferðaskipa verið tíðir gestir. „Það hefur verið töluverður gestagangur í sumar, en bara svona mátulegur," segir Salvar aðspurður um aðsóknina á nýloknu ferðamannatímabili.

Eitt af því vekur jafnan athygli á eyjunni er lundinn sem hefur komið sér þar vel fyrir. Aðspurður um ástand lundastofnsins í Vigur segir Salvar hann vera nokkuð góðan. „Það var hreinsað svo vel út úr holunum fyrr í sumar að hann hefur bara plumað sig ágætlega," segir Salvar hlæjandi og skírskotar þar til sinubruna sem varð í vor. *– thelma@bb.is*

Rúnar Óli Karlsson á kajak við strendur Grænlands. Ljósm: © Ágúst G. Atlason.

Ekkert feimin við að bera okkur saman við það besta í heiminum

Sumarið er búið að vera gott hjá ferðaþjónustufyrirtækinu Borea Adventures á Ísafirði. Í upphafi sumars bætti fyrirtækið við sig starfsmönnum og kom upp aðstöðu í gamla verslunarhúsinu í Hæstakaupstað. Þar er aðstaða fyrir búnað fyrirtækisins sem og skrifstofur. Þá færði fyrirtækið út kvíarnir og bætti við dagsferðum undir vörumerkinu North Explorers en um er að ræða ferðir af ýmsum toga um svæðið. Fyrirtækið sá aðallega um dagsferðir og lengri kajakferðir sem voru í boði í sumar. Borea Adventures hefur síðan 2006 staðið fyrir ævintýraferðum á seglskútunni Aurora um Vestfirði, Austur-Grænland og Jan Mayen við góðan orðstír. Við tókum Rúnar Óla Karlsson, annan eigenda Borea Adventures, tali.

– Hverng hefur sumarið gengið?

„Það hefur gengið rosalega vel. Það hefur allt gengið slysalaust fyrir sig og það hefur verið meira að gera hjá fyrirtækinu almennt eftir að við bættum við þessum dagsferðum og þeirri þjónustu, þær ferðir hafa líka gengið vel.“

– Og búin að vera góð aðsókn í þessar dagsferðir?

„Já, það má segja það. Við renndum blint í sjóinn með þetta en það er meira um fólk sem labbar inn af götunni og bókar ferðir hjá North Explorers. Þetta er ekki eins og með löngu ferðirnar sem eru bókaðar með nokkurra mánaða fyrirvara. Við erum annars bara mjög brattir, þetta er fyrsta sumarið sem við prófum þetta og fólk virðist vera mjög ánægt.“

Borea Adventures gerir út seglskútuna Aurora og stendur fyrir hinum ýmsu ævintýraferðum. Rúnar segir að skútan sé búin að vera á fullu í allt sumar fyrir utan stutt stopp í júní. Skútan hefur farið bæði til Jan Mayen og Grænlands í sumar en Rúnar var einmitt nýkominn úr 14 daga ferð til Grænlands þegar blaðamaður náði tali af honum. Rúnar ætlaði þó ekki að stoppa lengi á Ísafirði en félagarnir héldu aftur til Grænlands nokkrum dögum seinna.

„Við vorum í fjórtán daga kajakferð. Þetta var alveg magnað. Við vorum með ferðir fyrir bandaríska ferðaskrifstofu. Þetta var sambland af því að róa frá skútunni á daginn ásamt því að fara í tjaldútilegur. Við vorum að skoða nýjar slóðir, nýja firði. Vorum bara eins og landkönnuðir þarna. Það var mjög gaman að upplifa það að fara í einhverja firði sem enginn hefur róið í áður nema kannski innfæddir. “

– Eru það aðallega útlendingar sem fara í ferðir með ykkur?

Rúnar Óli Karlsson.

„Já, ég myndi segja að þetta væru 70% útlendingar, bæði í löngu ferðirnar og dagsferðirnar. Við finnum fyrir miklum áhuga og erum mjög brattir. Við erum þegar komnir með hugmyndir fyrir næsta ár og nú er bara að gefa í.“

Blaðamaður spyr þá í forvitni hvort til standi að fjölga fleyjum fyrirtækisins. Rúnar segir það þó ekki vera á döfinni, enda sé það vandamálið við að fjölga skútum að þá sé um mikla fjárfestingu að ræða. Hann segir þó að þeir félagarnir séu að velta ýmsum ferðahugmyndum fyrir sér, en fyrirtækið starfar allt árið.

„Við höfum opið allt árið þó að það minnki eitthvað um veturinn. Við erum alltaf tilbúnir að fara með fólk í ferðir. Við fórum einmitt með fólk í fyrra á snjóþúfur og hitt og þetta. Það fólk er að koma aftur með foreldrana með sér og sýna þeim Ísafjörð, þennan æðislega stað. Það er bara mjög jákvætt.“

Rúnar segir að eitthvað af bókunum sé farið að berast fyrir næsta ár en það sé ekki orðið mikið ennþá. Aðspurður segir hann mikla möguleika í ferðamennsku líkt og þessari.

„Það er nefnilega málið. Það eru hellings möguleikar, við þurfum ekkert að vera feimin við að bera okkur saman við það besta í heiminum. Ef við bjóðum upp á alvöru þjónustu og gæði, þá er þetta ekkert mál.“

– kristjan@bb.is

Tveir ljúffengir pastaréttir

Sælkeri vikunnar býður upp á tvo pastaréttir. Annar er pastasalat með ristuðum furuhnetum, Salami og perum en Fjölnir segir að þann rétt hafi Heiðrún konan hans samiðeinu sinni þegar hún var ólétt og langaði í eitthvað gott að borða. Þá býður Fjölnir líka upp á pasta með valhnetum, perum og gráðostasósu sem hann fékk fyrst á veitingastaðnum Pasta Basta. Einnig lætur hann fljóta með uppskrift að einföldum og góðum eftirrétti. „Ég hef mikla reynslu af matreiðslu á heimilismat alveg síðan ég var 12 ára gamall og er þeirrar skoðunar að matreiðsla eigi að vera einföld og fljótleg," segir Fjölnir.

Pasta með valhnetum, perum og gráðostasósu

100 g gráðaostur
1 stk hvítlauksgeiri
3 dl mjólk
400 g pasta
50 rjómaostur
1-2 perur
Lúka af valhnetukjörnum
Svartur pipar

Merjið hvítlaukinn og steikið í smá olíu á pönnu án þess að brúna. Bætið á mjólkinni, rjómaostinum og myljið gráðaostinn saman við. Látið sjóða smá stund og bragðbætið með svörtum pipar. Sjóðið pastað í léttsöltu vatni og blandið saman við sósuna ásamt valhnetukjörnum og perunum sem búið er að afhýða, kjarna og skera í teninga. Borðið strax

Pastasalat með ristuðum furuhnetum, Salami og perum

400 g pasta
100 g salami
1-2 perur
Lúka af furuhnetum

Sjóðið pastað í léttsöltu vatni og kælið í sigti undir köldu vatni, blandið síðan skvettu af ólífuolíu saman við. Furuhneturnar eru ristaðar á heitri og þurri pönnu (mega ekki brenna). Perurnar eru afhýddar, kjarnaðar og skornar í teninga, salamipylsan er skorin í smátt og síðan er öllu blandað saman. Þennan rétt þarf ekki að borða strax og má geyma í ísskáp og taka með sér í nesti og þess háttar.

Eftirréttur með perum

1 dós niðursoðnar perur
Ís eða þeyttur rjómi
Nóakropp eða annað nammi

Perurnar eru lagðar á disk með ís eða rjóma, perusafanum er hellt yfir ásamt Nóakropp kúlunum.

Ég skora á Magnús Ingi Björgvinsson á Flateyri að verða næsti sælkeri í BB.

Sælkeri vikunnar er Fjölnir Ásbjörnsson í Önundarfirði.

Sælkerinn

Tileinkar móður sinni nýjan disk

Rúnar Þórisson tónlistarmaður og gítarleikari hljómsveitarinnar Grafík gefur út nýjan sólódisk 5. október n.k. en sá dagur er fæðingadagur bróður hans, Þóris Arnars, sem lést fyrir fáum árum. Diskurinn sem ber heitið Fall hefur verið í vinnslu s.l. 2-3 ár og er annar diskurinn sem kemur út undir nafni Rúnars en sá fyrri Ósögð orð og ekkert meir kom út árið 2005. Kveikjan að nýja diskinum er að hluta tengdur leikhúsi og tónlist sem Rúnar samdi við leikverk sem Draumasmiðjan setti upp ekki fyrir svo löngu síðan. Öll lög og textar, upptökustjórn, útsetningar og að stórum hluta hljóðfærleikur er í höndum Rúnars.

Hann nýtur jafnframt aðstoðar reyndra hljóðfæraleikara og ber að nefna Arnar Þór Gíslason trommuleikara og Jakob Magnússon bassaleikara. Þá er mikið um söng og raddir sem m.a. kemur úr börkum Hjörvars Hjörleifsonar, Gísla Kristjánssonar, Láru og Margrétar dætra Rúnars, Elízu Newman, Hrólfs Sæmundssonar og Rúnars sjálfs. Þá leikur strengjasveit í allmörgum lögum og Skólakór Kársness syngur í tveimur en á þessari plötu lagði Rúnar ekki síður vinnu í útsetningar, texta og lög en hljóðfæraleik. Platan er tekin upp í R&R stúdío, í Bergsmáranum heima hjá Rúnari, í Bæjarlind og Ealing Recording í London og mixuð í R&R studíó með Birki Rafni Gíslasyni.

Diskurinn er tileinkaður móður Rúnars, Guðmundu Jóhannsdóttur auk þess sem einstök lög og textar eru á vissan hátt tengd eða tileinkuð nánustu fjölskyldu og vinum en textarnir taka á einstaklingsbundinni og samfélagslegri upplifun, kreppu, eftirsjá, von, ást, náttúru, spillingu og valdi. Rúnar er að leika á Iceland Airways fimmtudaginn 14. október á Sódóma kl. 20.20 en útgáfutónleikar verða að öllu óbreyttu í nóvember.

Sigurður Jónsson, fyrrum prentari á Ísafirði var meðal þeirra sem hjóluðu í gegnum Bolungarvíkurgöngin. Sigurður er á tíræðisaldri.

Hjóluðu, hlupu og gengu í gegnum göngin

Fjöldi fólks fóru á reiðhjólum og hlaupandi í gegnum Bolungarvíkurgöng í kjölfar opnunar þeirra. „Þetta var heilmikill hópur á hinum fjölbreytilegustu farartækjum. Þarna voru hjól, barnavagnar, fólk á tveimur jafnfljótum og ég veit ekki hvað," segir Sigurður Jónsson á Ísafirði sem líklegast var með elstu hjólreiðaköppunum sem fóru í gegnum gögnin en hann er á tíræðisaldri.

„Þetta var fólk á öllum aldri, allt frá börnum í vagni til svona gamalmenna eins og ég." Aðspurður um þá upplifun að hjóla í gegnum nýopnuð göngin segir Sigurður það hafa verið ósköp þægilegt og skemmtilegt. Auk þess sem fólki gafst kostur á að hlaupa eða hjóla í gegnum göngin frá Hnífsdal var í boði að verður hægt að hlaupa stutt inn í göngin og til baka Bolungarvíkurmegin og var þá yngsta fólkið sérstaklega haft í huga.

– thelma@bb.is

Apple á Vestfjörðum

8%

afsláttur af listaverði*
á www.epli.is
fyrir Vestfirðinga
3.-10. okt. 2010
(Frí heimsending)

Vefkóði:
VF2586
Sleginn inn við pöntun á vefverslun

Apple búðin
Sími 512 1300
Laugavegi 182

Afgreiðslutími:
Mán. - mið. 10-18 | Fim. 10-21
Fös. 10-18 | Lau. 12-16

www.epli.is

epli.is

* Gildir ekki með öðrum tilboðum, iPad og iPhone, viðkomandi þarf að hafa lögheimili á Vestfjörðum